

### **136. Þingflokksfundur, miðvikudaginn 4. nóvember 2015 kl. 13.**

Fundinn sitja Alla, Birgitta og Helgi Hrafn.

Berglind Rósa ritar fundargerð.

#### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Frestað.

#### **2. Dagskráin í dag**

Farið var yfir dagskrá þingfundar, Birgitta fer í störf þingsins.

#### **3. IPU ályktunin - næstu skref**

Almenn umræða um næstu skref. Þýðingin er komin og er í yfirllestri. Ætlunin er að biðja um skýrslu frá ráðuneytinu. Kynna þarf málið fyrir grasrót og á framfarafundi Pírata. Þetta er fyrsta alþjóðlega Píratamálið sem næst í gegn.

#### **4. Hagstofan og skipulagsbreytingar í forsætisráðuneyti**

Alla sendir Halldóri póst og fær hann til að grafast fyrir um málið.

#### **5. Eyðing gagna í stjórnsýslunni (grein í Morgunblaðinu)**

Þingflokkurinn ræddi málið og ákveðið var að taka það fyrir í óundirbúnum fyrirspurnartíma eða störfum þingsins en Birgitta mun jafnframt vekja athygli á málinu í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

#### **6. Staðan í stjórnarskránni: Með tilliti til Landsfundar XD og auðlindaákvæði**

Þingflokkurinn ræddi saman um stjórnarskrána. Alla gerði grein fyrir stöðunni í stjórnarskránefnd en mikil töf hefur orðið á að nefndin skili af sér.

#### **7. Þingmál Pírata - Siðmennt**

Þingflokkurinn ræddi almennt um þingmál sín og hvar þau stæðu. Þingflokkurinn fór jafnframt yfir áherslur Siðmenntar.

#### **8. Fólk í nefndum fyrir Pírata**

Frestað.

#### **9. Fjárhagsmálefni RÚV og staða fjölmiðla á Íslandi**

Frestað.

#### **10. Fundur með SFH og KVENN - vinnsla úr upplýsingum frá fundi.**

Frestað.

#### **11. UTMessan - tillögur að fyrirlesturum og sýningarplássi**

Frestað.

#### **12. Stefna í stóru málunum (grein í Morgunbl.)**

Frestað.

#### **13. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.50.